

KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR

Málstefna Háskóla Íslands

Erindi á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar og MS undir merkjum dags íslenskrar tungu 2005. Efnið var íslensk málstefna og starfsemi Íslenskrar málnefndar. Auk Kristínar fluttu þar erindi Guðrún Kvaran, Jóhann G. Jóhannsson, Kolbrún Friðriksdóttir og Örnólfur Thorsson. –Ritstj.

Góðir gestir!

Ég vil byrja á því að þakka aðstandendum þessa málræktarþings fyrir að bjóða mér að leggja hér fáein orð í belg.

Háskóli Íslands samþykkti fyrir hálfu öðru ári málstefnu. Þar segir skorinort: „rektor ber ábyrgð á málstefnu Háskóla Íslands“. Mér er því nokkur ábyrgð lögð á herðar og ekki úr vegi að gera nokkra grein fyrir þessari stefnumótun Háskólans og því sem að baki liggur.

Um fátt er nú meira rætt en alþjóðavæðingu og útrás. Íslenskt samfélag, sem var tiltölulega einangrað og afskekkt langt fram eftir síðustu öld og bjó við ýmsar náttúrulegar og heimatilbúnar hömlur og hindranir, hefur steypt sér út í þjóðahafið. Þar svamla Íslendingar og eygja sumir stórkostleg tækifæri í stærri heimi. Aðrir telja að við megum hafa okkur öll við að tapa ekki í þessu úthafi verðmætum sem verða ekki mæld upp á krónur og aura, það er að segja þjóðarvitundinni og móðurmálinu.

Alþjóðavæðingin hefur nefnilega leitt af sér róttækar breytingar á öllum sviðum menningar, stjórn mála og efnahagsmála. Við sjáum þess glögg merki á heimilum okkar þar sem börn um allan heim eiga sér í vaxandi mæli sömu fyrirmyndir í bókmenntum, sjónvarpsefni, Internetefni og tölvuleikjum. Við horfum upp á börnin okkar tala ensku nánast reiprennandi og grípa jafnvel til enskra orðatiltækja í daglegu tali löngu áður en formleg enskukennsla hefst í skólakerfinu.

Við sjáum glögg merki alþjóðavæðingar í æðri menntun. Háskólar eiga sífellt nánari samvinnu á alþjóðavísu í gegnum fræðastarf, kennara- og nemendaskipti.

Það liggur í hlutarins eðli að alþjóðavæðingin hefur mikil áhrif á hlutverk og beitingu tungumáls og er meðal þeirra þátta sem valda því að við Íslendingar veltum fyrir okkur hlutverki og stöðu móðurmálsins í okkar háskólastarfi.

En það eru fleiri þættir sem valda hér nokkru. Meðal þeirra er sjálf þróun skólustarfsins. Meginmarkmið Háskóla Íslands er að byggja upp rannsóknarháskóla í fremstu röð og þar skiptir miklu að vísindastarf og rannsóknartengt nám vaxi hratt. Rannsóknartengt nám og vísindastarfsemi er í eðli sínu alþjóðleg starfsemi og mun því leiða til mun meiri erlendra samskipta en við höfum nokkru sinni séð í Háskóla Íslands.

Háskólinn er íslensk vísinda- og menntastofnun en hann starfar í og er hluti af alþjóðlegu fræðasamfélagi. Þetta tvíeðli skapar ákveðna innri togstreitu. Það er hlutverk okkar starfsmanna og stjórnenda Háskólans að setta þessi sjónarmið í starfsemi skólans og meðal annars í þeim tilgangi höfum við málstefnu Háskólans.

Háskólinn telur sig hafa ríkar skyldur að rækja við tunguna og þjóðmenningu þess samfélags sem hann er sprottinn úr og þjónar. En jafnframt hefur skólinn ríkar skyldur

sem fremsta vísinda- og rannsóknarstofnun þjóðarinnar. Í stefnukafla málstefnunnar segir að hún hafi það að „leiðarljósi að talmál og ritmál Háskólans sé íslenska, jafnt í kennslu, rannsóknum sem stjórnslu.“ Þetta er *meginregla* og er lítið á notkun annarra tungumála sem frávik frá henni.

Fyrsta frávik, sem vikið er að, er kennsla í erlendum tungumálum sem fram fer við skólann.

Annað frávik gildir um erlenda kennara, annars vegar þá sem dvelja við Háskólann í skamman tíma við rannsóknir eða á grundvelli kennaraskipta. Það liggur í hlutarins eðli að ekki er hægt að ætlast til þess að þessi hópur tileinki sér íslensku. Öðru máli gegnir um erlenda kennara sem eru hér langdvölum og eru jafnvel fastráðnir starfsmenn Háskólans. Hingað til hefur ekki verið gerð krafa um að slíkir kennarar kunni íslensku þegar þeir koma til starfa. Hins vegar þjónar það auðvitað hagsmunum þessara kennara og hagsmunum Háskólans að þeir geti aðlagast nýjum heimkynnum. Því er til þess hvatt í málstefnunni að þeir sæki námskeið í íslensku.

Þriðja frávik frá meginreglunni um að talmál og ritmál Háskólans sé íslenska eru erlendir stúdentar, sem eru nú um 700 talsins frá fjölmörgum þjóðlöndum. Þetta er auðvitað ekki einsleitur hópur og auk þess að greinast eftir þjóðerni skiptir máli í hvaða tilgangi og til hve langs tíma þeir dvelja við Háskólann.

Erlendir skiptistúdentar, sem hingað koma á grundvelli stúdentaskiptaáætlana og samninga við erlenda háskóla, dvelja að jafnaði aðeins í hálf tveim árum við Háskóla Íslands og því ekki raunhæft að ætlast til þess að þeir læri íslensku meðan á dvölinni stendur.

Annar hópur erlendra stúdenta eru þeir sem hyggjast leggja stund á nám við Háskólann á eigin vegum. Um þennan hóp segir í málstefnunni að þeir skuli gangast undir „stöðupróf í þeim tungumálum sem notuð eru í því námi sem um ræðir áður en þeir fá samþykki um skólavist. Þetta felur í sér að erlendir stúdentar sem ætla að stunda nám sem fer fram á íslensku verða að standast stöðupróf í íslensku og að erlendir stúdentar sem ætla að stunda nám kennt á ensku þurfa að sýna fram á lágmarkseinkunn á viðurkenndu alþjóðlegu enskuprófi fyrir útlandinga.“

Þriðji hópurinn eru erlendir stúdentar í framhaldsnámi. Í málstefnunni er tekið tillit til sérstöðu framhaldsnámsins með því undantekningarákvæði að „deildir Háskólans geta boðið upp á heilar námsleiðir í framhaldsnámi eða einstök námskeið á erlendum málum, eftir því sem ástæður leyfa“. Sem dæmi get ég nefnt að hér er boðið upp á meistaranám í íslenskum miðaldafræðum sem kennt er á ensku. Jafnframt er boðið upp á námskeið á ensku í jarðfræði, lögfræði og öðrum greinum. Við lítum á það sem styrk skólans og mælikvarða á árangur í alþjóðastarfi að hingað leiti erlendir nemendur til að sækja framhaldsmenntun í greinum þar sem við stöndum sterk. Auk meistaranáms fer fjöldi erlendra stúdenta vaxandi sem hingað sækja í doktorsnám.

Í lok stefnukafla málstefnunnar eru tvær setningar sem ég tel afar mikilvægar. Þær hljóða svo: „Háskólinn vill stuðla að því að gera kennurum, sérfræðingum og nemendum kleift að tala og skrifa um öll vísindi á íslensku og gera þau jafnframt aðgengileg almenningi eins og kostur er. Málnotkun í Háskóla Íslands skal vera til fyrirmyndar.“

Ég hef verið kennari í lyfjafræði í 20 ár og mér er sérstaklega umhugað um þennan þátt málstefnunnar. Ég tel afar mikilvægt að kennarar í raunvísindum geri kröfur um eigin málrækt og leggi áherslu á góða málnotkun stúdenta, bæði í ritmáli og talmáli. Þá er ég ekki eingöngu að tala um að íslenska tæknileg hugtök, heldur jafnframt að

kennarar í raungreinum, ekki síður en kennarar í hug- og félagsvísindum, leggi á það áherslu að framsetning sé skýr, málfræði og stafsetning rétt. Ég hef of oft rekið mig á að íslenskukunnátta stúdenta, sem eru við það að útskrifast úr háskóla, getur verið æði gloppótt og þetta veldur mér áhyggjum. Ég tel því brýnt að íslenskukennsla í grunn- og framhaldsskólum verði styrkt.

Góðir gestir!

Ég held að óhætt sé að fullyrða að staða íslenskunnar í háskólastarfinu sé sú sama og í samfélaginu almennt. Samfélagsleg þróun og alþjóðavæðing hefur skapað okkur alveg ný viðfangsefni. Íslensk tunga nýtur ekki lengur fjarlægðarverndar eða einangrunar. Hún þarf að spjara sig með nýjum hætti.

Það skiptir okkur sem þjóð máli að stofnun á borð við Háskóla Íslands leggi rækt við móðurmálið. Viðfangsefnið er tvíþætt. Annars vegar að rækta og nota gott íslenskt mál og hins vegar að tryggja að íslenskan eigi áfram þegnrétt á og túlki hugsanir og niðurstöður vísindamanna og fræðimanna á öllum fræðasviðum.